

— PING-KVÖÐ. —

Eftir Stephan G. Stephansson.

Gamla landið góðra erfða!

Gengið oss úr sýn,

Lengur skal ei sitja og syngja

Sólarljóð til þín!

Nú skal rísa. Hefja hug og

Hönd, með ljóð á vör,

Þar sem yzt á vestur-vegum

Verða barna-för.

Verða þinna barna för.

Ef við sýndum feimni í fasi,

Fyrirgefðu það —

Kot-börn líta undra-augum

Álfhól, fyrst í stað —

Oft í bláskóg' fram'í fjarlægð

Fanst ei vaxin björk —

Lindar-hola, í hilling verður

Haf, í eyðimörk.

Haf í víðri eyðimörk.

Nú skal bera á borð með okkur,

Bót við numinn auð,

Margar aldir ósáð sprottið

Íslenzkt lífsins brauð:

Alt, sem lyfti lengst á götu,

Lýsti út um heim,

Nú skal sæma sveitir nýjar

Sumargjöfum þeim.

Sumargjöfum öllum þeim.

Fyr var rausn, að leggja í læðing

Lýði, storð og höf —

Nú á sigrum senn að ráða

Sátt og vinagjöf.

Aður þótti frægð, að falla

Fyrir völd og trú —

Mest er fremd, sem lengst að lifa

Landi sínu nú.

Landi sínu gjöfull nú.

Megir þeir, sem mæðra sinna

Menning bera hæst,

Það eru niðjar þeirra garpa

Þá sem hjuggu stærst —

Æska, þú sem alsráð tekur

Eftir lítið skeið,

Orðstír þinn og æfintýri

Att á þeirri leið.

Att á þeirri frægðar-leið.

Sér í fangi fagra sögu

Framtíð lengi ber,

Þó að grasið grói yfir

Götur okkar hér —

Stígðu á Þingvöll stórra feðra,

Styrkur vex og þor

Undir fótum vorum vita

Vera þeirra spor.

Vera hróðug þeirra spor.

Tíðum átti í harða-höggi

Hugur Íslendings,

Æ varð honum sæmd að sinna

Sóknarleið til Þings — — —

Ísland sveipi í sögulokin

Sínum fána þó

—Prýddum eigin aðals-merki—

Yfir vora ró — — —

Yfir vora hinztu ró.